

2. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

21. mars 2019, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 20:00

Mætt eru: Una Hildardóttir (UH), Geir Finnsson (GF), Inger Erla Thomsen (IET), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Enar Kornelius Leferink (EKL) og Rut Einarsdóttir (RE), auk Tinnu Isebarn (TI) frkvstj. LUF.

Fundur settur 20:41

Fundarstjóri: Una Hildardóttir

Dagskrá:

1. **Fundargerðir til samþykktar:**
 - 1.1. [binggerð](#) 2019 var samþykkt.
 - 1.2. [Fundargerð](#) 1. stjórnarfundar var samþykkt.
2. **Frá framkvæmdastjóra:** Upplýsingar um skipulagsmál.
3. **Vinnureglur stjórnar** voru samþykktar.
 - 3.1. Ákveðið var að endurskoða dagpeninga um kafla í alþjóðamál í lok starfsárs. SÞF heldur utan um ferðir og kannað verður hvort möguleiki sé á greiðslu dagpeninga við lok starfsárs.
4. **Tilnefning LUF í samráðshóp Barnaþings:** Ákveðið var að tilnefna EKL sem sækir næsta fund hópsins miðvikudaginn 24. apríl kl. 14-16.
5. **Aðildarmál:** Erindi barst frá Ungmennaráði UNICEF. Ákveðið var að bjóða þeim á fund.
6. **Alþjóðamál:**
 - 6.1. RE sagði frá þátttöku hennar á fundi Ráðgjafaráðs Evrópuráðsins í málefnum ungs fólks (e. Advisory Council on Youth to the Council of Europe - AC).
 - 6.2. Rætt var um skipulag fulltrúaráðsfundar Evrópska ungmennavettvangsins (e. COMEM of the YFJ) þann 11.-12. apríl í Brussel.
 - 6.3. Ákveðið var að GF og RE sækji um að fara á „Det nya Norden“ í Finnlandi 12.-15. maí í Finnlandi.
7. [Framkvæmdaáætlun 2019-2020](#) var samþykkt.
8. **Rekstraráætlun 2019** var samþykkt. Með hennar samþykki var einnig samþykkt að ráða inn nýjan starfsmann.
9. **Fyrsti fulltrúaráðsfundur 26. mars kl. 18:30:** Farið var yfir skipulag.
10. **Næsti fundur:** 2. apríl kl. 18.
11. **Önnur mál:** Viðvera LUF á samfélagsmiðlum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 22:45

TI ritaði fundargerð